

GJALDSKRÁ

fyrir Vatnsveitu Stórolfshvolshverfis í Rangárvallasýslu.

1. gr.

Vatnsskatt greiða notendur veitunnar árlega samkvæmt eftirfarandi reglum:

- a. Fyrirtæki svo sem sláturhús, frystihús, almenningþvottahús og þvottastöðvar bifreiða greiða vatnsskatt, sem hreppsnefnd Hvolhrepps ákveður fyrir eitt ár í senn.
- b. Aðrir, sem fá vatn frá veitunni, greiði skattinn af öllum húsum sínum, samkvæmt gildandi fasteignamati og sé skatturinn 8‰ af þeim húsum, sem metin eru allt að 100 000.00 krónur, en af þeim húsum, sem metin eru hærra sé skatturinn 6‰.

Auk þess skal greiða fastagjald 600.00 krónur fyrir venjuleg íbúðarhús, en sé vatnið einnig notað til brynningar nautgripa, skal fastagjaldið vera 800.00 krónur.

Vatnsskattur má þó aldrei lægri vera en 900.00 krónur.

Séu tvær eða fleiri fjölskyldur (íbúðir) í sama húsi, verður vatnsskattur fyrir hverja eigi lægri en 900.00 krónur.

Ofanefnd gjöld getur vatnsveitunefnd, sem leggur á skattinn, hækkað eða lækkað árlega um allt að 50%.

2. gr.

Gjalddagi vatnsskattsins skal vera 1. marz ár hvert, nema árið 1967 skal hann vera 1. des.

3. gr.

Af húsum, sem tengd eru við vatnsveitukerfið eftir gildistöku gjaldskrár þessarar, skal greiða tengigjald eða stofngjald 1 500.00 krónur. Gjaldið skal greiðast áður en húsið er tengt við vatnsæð.

4. gr.

Húseigandi ábyrgist greiðslu vatnsskatts, en heimilt er honum að lækka leigu, sem skatti eða skattaaukningi svarar, þótt húsaleigan hafi áður verið ákveðin.

5. gr.

Vatnsskatt má taka lögtaki og skal hann tryggður með lögveðsrétti í hlutaðeigandi húseignum næstu tvö árin eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hverskonar samnings og aðfararveði.

Gjaldskrá þessi, sem saman er og samþykkt af hreppsnefnd Hvolhrepps í Rangárvallasýslu, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 22 28. febrúar 1960 fyrir vatnsveitu Stórolfshvolshverfis í Rangárvallasýslu.

Félagsmálaráðuneytið, 19. desember 1967.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.